



## Ársskýrsla 2008



Máí 2009

<b>Efnisyfirlit</b>	bls.
Inngangur.....	2
Hluthafar félagsins.....	3
Stjórn félagsins.....	3
Starfsmenn félagsins.....	3
Starfsstöð félagsins.....	4
Starfssvæðið.....	4
Rekstrarumhverfi félagsins.....	5
Samstarf innan stoðkerfisins.....	5
Samstarfs- og verkefnasamningar.....	6
Vaxtarsamningur Norðausturlands.....	6
Helstu verkefni ársins.....	7
Hvatningarverðlaun AP.....	10
Rekstur ársins og framtíðarhorfur.....	10

**Umsjón skýrslu:** Starfsmenn AP

**Ljósmyndir:** AP / Hróbjartur Sigurðsson, Gunnar Jóhannesson, Birkir Fanndal, Frank Bradford, Ari Páll Pálsson

**Prentun:** Örkin

**Forsíðumynd:** Frá Raufarhöfn. AP / Hróbjartur Sigurðsson

## Inngangur

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. og forverar þess eiga 25 ára afmæli í þessum mánuði, en það var í maí 1984 sem nokkur fyrirtæki á Húsavík stofnuðu Iðnþróunarfélag Húsavíkur. Fyrsti formaður stjórnar var Guðjón Halldórsson véltæknifræðingur hjá Tæknipjónustunni hf. á Húsavík. Í apríl 1985 réði félagið til sín sinn fyrsta framkvæmdastjóra, Sigurbjörn Þorkelsson verkfræðing. Í viðtali við Guðjón og Sigbjörn í Víkurblaðinu 23. apríl segir að „... hugmyndin að baki þessari ráðningu er að opna félagsmönnum greiðan aðgang að tækniaðstoð á sviði markaðs- rekstrar og framleiðslumála og ennfremur að vinna að þróun og útfærslu nýrra hugmynda um atvinnurekstur.“ Á aðalfundi félagsins 1987 var nafni félagsins breytt í Iðnþróunarfélag Þingeyinga og með þeirri breyting varð starfssvæði félagsins Þingeyjarsýslunnar báðar. Á aðalfundi félagsins 17. desember 1990 var enn gerð breyting á félaginu, Iðnþróunarfélaginu var slitið og stofnað á grunni þess hlutafélagið Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Starfssvið félagsins hefur einnig tekið nokkrum breytingum á þessum tíma, breytingum sem fleiri félög af svipuðum toga hafa tekið. Þannig hefur verksvið þeirra flestra víkkað frá upphaflegri markmiðssetningu og þau látið almenna byggðapróun meira til sín taka. Þessi þróun hefur átt sér stað samhliða því að sveitarfélögin hafa með árunum orðið öflugustu bakhjarlar félaganna í góðu samstarfi við ríkisvaldið, í gegnum Byggðastofnun, stéttarfélög og atvinnulífið.

Staða efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar og áform stjórnvalda um endurskoðun ýmissa þátta stjórnsýslunnar sem snúa að byggðamálum og skipulagi stað- og svæðisbundinnar stjórnsýslu kalla á það að forsvarsmenn og aðstandendur þróunarfélaganna hugi að stöðu þeirra og hlutverki í framtíðinni. Mikilvægt er að heimamenn hafi frumkvæði að því að móta hugmyndir um það fyrirkomulag þannig að stað- og svæðisbundin hagsmunir verði þar lagðir til grundvallar fremur en hin hefðbundna nálgun ríkisvaldsins þar sem tilhneigingar gætir til þess að steypa alla í sama mót.

Markmiðssetningar í samstarfsyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar opna þó á þá hugsun að svæðisbundið þróunarstarf á forsendum og forræði heimamanna verði eft. Reynt er að slík markmið nást ekki nema heimamenn beri gæfu til að standa saman um að ná slíku fram. Án slíks frumkvæðis og samstöðu munu þær setningar einungis verða orð á blaði.

Í ljósi þessa og þeirra aðstæðna er nú ríkja á Íslandi er mikilvægt að aðstandendur og stjórnendur AÞ beiti sér, með beinum hætti, fyrir því að áframhald verði á öflugum þróunarstarfi á starfssvæði AÞ. Brýnt er að leiðarvísir um þá vegferð verði unninn í okkar eigin ranni, að frumkvæði okkar sjálfra, og grundvallist þannig á staðbundinni þekkingu á þörfum og aðstæðum. Í því sambandi verði m.a. horft til hugmynda er lúta að auknu samstarfi eða jafnvel sameiningu við svipaðar stofnanir á nærliggjandi svæðum.

Í maí 2009

Björn Ingimarsson, stjórnarformaður

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri

## Hluthafar félagsins

Í árslok 2008 voru hluthafar félagsins 17 að tölu, en þeim hefur verið að fækka undanfarin ár með sameiningu stéttarféлага og sveitarféлага á svæðinu.

Hluthafi	Hlutafé	Prósenta
Norðurþing	2.738.356	47,59
Byggðastofnun	1.832.970	31,86
Þingeyjarsveit	244.396	4,25
Fræ ehf.	183.297	3,19
Framsýn - stéttarfélag	158.858	2,76
Kísiliðjan hf.	122.198	2,12
Sparisjóður S.-Þingeyinga	100.000	1,74
Sparisjóður Þórshafnar	100.000	1,74
Skútustaðahreppur	61.099	1,06
Svalbarðshreppur	61.099	1,06
Tjörneshreppur	61.099	1,06
Verkalýðsfélag Þórshafnar	24.440	0,42
Mannvit	18.330	0,32
Björn St. Haraldsson	18.330	0,32
Garðræktarfélag Reykhverfinga	12.220	0,21
Hótel Reynihlíð	12.220	0,21
Jónas Reynir Helgason	5.000	0,09
	5.753.911	100,00

## Stjórn félagsins

Á aðalfundi AP 2008 sem var haldinn á Gamla Bauk á Húsavík 21. maí. voru kjörin sem aðalmenn í stjórn félagsins Aðalsteinn Árni Baldursson, Birna Björnsdóttir, Björn Ingimarsson, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Varamenn voru kjörnir Guðmundur Guðmundsson og Haraldur Bóasson. Á fyrsta fundi stjórnarinnar skipti hún með sér verkum. Var Björn Ingimarsson kjörinn formaður, Sigurgeir Höskuldsson varaformaður og Aðalsteinn Baldursson ritari.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 9 fundi, en á almanaksárinu 2008 voru fundir stjórnarinnar 14 að tölu.

## Starfsmenn félagsins

Starfsemi AP hefur verið að breytast og eflast á undanförunum misserum. Þetta hefur kallað á breytingar í starfsmannamálum og fjölgun stöðugilda eftir því sem verkefni hafa kallað á og aðstæður leyft. Gjarnan er talað um grunnstarfsemi félagsins, sem er þá atvinnuráðgjöf og tengd viðfangsefni samkvæmt samningum við Byggðastofnun og sveitarfélög, og sérverkefni sem kalla þá á öflun sértekna að einhverju eða öllu leyti.

Í upphafi ársins voru þrjú starfsmenn sem sinntu grunnstarfsemi hjá félaginu, Tryggvi Finnsson framkvæmdastjóri, Gunnar Jóhannesson verkefnastjóri og Ari Páll Pálsson atvinnuráðgjafi.



Sif Jóhannesdóttir hóf störf hjá félaginu í október 2007 í hlutastarfi en í fullu starfi frá 1.1. 2008. Hefur hún umsjón með GEBRIS verkefninu. Það er samstarfsverkefni fjögurra landa og er styrkt af Norræna nýsköpunarsjóðnum. Markmið verkefnisins er að hámarka árangur nýsköpunarstarfs í ferðaþjónustu á svæðinu frá Jökulsá að Bakkafirði.

Í árslok 2007 hóf Vilborg Gissurardóttir störf hjá félaginu á grundvelli samstarfssamnings við Markþing og snúa megin verkefni hennar að markaðs- og kynningarmálum ásamt stefnumótunarvinnu í ferðamálum.

Frá áramótum og fram í apríl var Reinhard Reynisson í ½ starfi sem verkefnastjóri Garðarshólms verkefnisins.

Frá 1. apríl – 30. september starfaði Kristinn Pétursson hjá félaginu sem verkefnisstjóri Drekaverkefnisins sem unnið var samkvæmt samstarfssamningi við Drekasvæðið ehf.

Frá 15. maí urðu þær breytingar að Tryggvi Finnsson lét af starfi framkvæmdastjóra en starfar áfram hjá félaginu sem atvinnuráðgjafi. Við starfi framkvæmdastjóra félagsins tók Reinhard Reynisson

Samkvæmt samningi hefur AP deilt sameiginlegum starfsmanni með Þorgeiri Hlökkverssýni, Jónu Matthíasdóttir sem vinnur við Snjótöfraverkefnið (Snow Magic), einnig hefur hún unnið við verkefnið Þingeyska matarbúrið og fleira sem þessum verkefnum tengist. Þessu fyrirkomulagi hefur verið breytt og frá apríl 2009 er hún starfsmaður AP.

Gunnar Jóhannesson sem starfað hefur hjá félaginu frá ágústbyrjun 2002 lét af störfum í byrjun maí 2009 en hann hefur tekið að sér ný verkefni á sviði ferðaþjónustu á svæðinu. Eru Gunnari þakkað vel unnið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

## Starfsstöð félagsins

AP er með skrifstofuaðstöðu á 3ju hæð að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Þar er félagið í góðu samfélagi nokkurra fyrirtækja og stofnana og er það fyrirkomulag með ágætum. Auk skrifstofuherbergja samnýtir félagið ýmsa aðstöðu með öðrum á hæðinni. Almennur opnunartími skrifstofunnar er virka daga frá 9-12 og 13-17. Vegna eðli starfseminnar t.d. verkefnavinnu eða funda á umfangsmiklu starfssvæði kemur þó fyrir að opnunartíminn breytist.

Aukin verkefni og fjölgun starfsmanna hafa þrengt mjög að starfsemi félagsins. Með tilkomu starfsstöðvar IMPRU, sem gert er ráð fyrir að verði rekin í nánú samstarfi með félaginu, hefur enn þrengt að í húsnæðismálum. Stefnt er að því að leysa brýnasta vandann með því að sameiginleg aðstaða rekstraraðila að Garðarsbraut 5, s.s. kaffistofa, snyrtingar og fundaraðstaða verði flutt niður á aðra hæð byggingarinnar. Gert er ráð fyrir að sú aðstaða verði tilbúin um mitt ár 2009.

## Starfssvæðið

Starfssvæði AP er stórt, tekur til um 18% af flatarmáli landsins, vegalengdir miklar og vegakerfið æði margbreytilegt. Þarfir og viðfangsefni eru fjölbreytileg og taka að hluta mið af mismunandi aðstæðum á stóru landssvæði.



Fyrir starfsemi eins og AP sinnir er ekki nóg að reka einhverskonar kjarnastarfsemi á skrifstofu heldur eru vettvangsferðir um starfssvæðið mjög mikilvægar. Þetta er um leið tímafrekur þáttur og sífellt þarf að meta hvernig tími, þekking og starfskraftur nýtist sem best og hvernig er hægt að stuðla að sem mestum árangri.

Með tilkomu GEBRIS verkefnis haustið 2007 gafst tækifæri til að sinna svæðinu austan Jökulsár betur en áður með tilkomu verkefnisstjóra, fyrst í hálfu starfi og frá áramótum í fullu. Þetta hefur leitt af sér meiri viðveru starfsmanns félagsins á þessu svæði og betri möguleika á að koma að verkefnum á ýmsum stigum.

## Rekstrarumhverfi félagsins

Á undanföllum árum hefur rekstrarumfang félagsins vaxið verulega með tilkomu umfangsmikilla sérverkefna. Þetta hefur haft það í för með sér að hlutfall fasta rekstrartekna af heildartekjum félagsins hefur minnkað verulega með tilheyrandi óvissu í rekstrinum.

Út frá fjármögnun starfseminnar er hún gjarnan flokkuð í grunnstarfsemi annars vegar og sérverkefni hins vegar. Heildarmyndin og samspil þessara starfsemisspátta er þó auðvitað það sem máli skiptir þegar upp er staðið.

Grunntekjur félagsins voru sem áður samkvæmt samningi við Byggðastofnun annars vegar og sveitarfélögin á starfssvæðinu hins vegar. Þetta dugar þó engan veginn til að standa undir öflugri starfsemi og svara þörfum og aðstæðum á starfssvæðinu. Atvinnuþróunarfélagið hefur því í auknum mæli horft til verkefna sem gefa félaginu möguleika til sértekna, í bland við grunnstarfsemi félagsins. Mikill tími starfsmanna fer í að útvega fjármagn til þessara sérverkefna.



Miðað við pólitíska umræðu um byggðamál og mikilvægi atvinnuþróunarfélaganna mætti vænta þess að aukið fjármagn yrði sett í þennan málaflokk á fjárlögum og félögum gert kleyft að efla verulega sitt starf. Því miður varð þetta ekki svo. Fjármagn á fjárlögum til grunnreksturs atvinnuþróunarfélaganna heldur varla í við verðlagsþróun og alls ekki ef tekið er mið af þróun launa síðustu árin.

Þegar fyrsti samningurinn um atvinnuráðgjöf var gerður við Byggðastofnun árið 1998 var landsbyggðinni skipt niður í starfssvæði eftir gömlu kjördæmunum og AP og AFE gert að skipta með sér framlaginu til Norðurlands eystra og kom í hlut AP 46,55%. Þessi skipting hefur haldist óbreytt síðan. Því miður tókst ekki að fá AP viðurkennt sem fullgilt félag í síðasta samningi, þrátt fyrir að stjórn félagsins legði mikla áherslu á það. Á bakvið samninginn við Byggðastofnun eru einungis tvö stöðugildi og var upphæðin 8,2 mkr. eða 4,1 mkr. á stöðugildi en til samanburðar má geta þess að stöðugildi hjá hinu opinbera eru reiknuð á 7-9 mkr. Frá 2005 hefur félaginu tekist að fá á fjárlögum sérstakan rekstrarstyrk til að bera uppi þriðja stöðugildið. Það má því segja að það hafi verið á árlegu uppboði, sem er algjörlega óviðunandi. Hitt er þó enn verra að við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2009 var þetta framlag skorið alfarið niður.

## Samstarf innan stoðkerfisins

Í stuttu máli má segja að samstarf við ýmsa aðra hluta stoðkerfisins sé yfirleitt gott en mismikið og tekur eðlilega mið af áherslum á hverjum tíma, verkefnum sem upp koma, og þeirri staðreynd að iðulega er yfirdrifið af verkefnum á borðum félagsins.

Samstarf við sveitarfélögin er með ágætum, mismikið eins og gengur og fer m.a. eftir eftirspurn, áherslum og fjölda viðfangsefna á hverju svæði. Gott samstarf er við Þekkingarsetur Þingeyinga. Hér ber líka að draga sérstaklega fram að mikið og gott samstarf er við ráðunaut Búgarðs sem vinnur á næstu skrifstofu við AP.

Starfsmenn AP eru í ágætu samstarfi við Byggðastofnun, en eitt af hlutverkum AP er að vera einskonar tengiliður Byggðastofnunar inn á starfssvæðið og þannig koma inn á borð félagsins ýmsar fyrirspurnir eða óskir um gagnaöflun eða upplýsingar sem t.d. tengjast skýrsluskrifum eða athugunum. Talsvert samstarf hefur verið við Impru á Nýsköpunarmiðstöð sem eðlilega tekur þó gjarnan mið af fyrirspurnum eða viðfangsefnum sem upp koma á hverjum tíma. Samstarfið við Impru mun þó fyrirsjáanlega aukast og taka breytingum með tilkomu starfsstöðvar hennar á Húsavík.

## Samstarfs- og verkefnasamningar

Samstarfssamningur við Byggðastofnun gerir ráð fyrir sérstökum árlegum verkefnaúthlutunum. Þau verkefni sem félagið fékk úthlutun til á árinu var annars vegar til stefnumótunarvinnu í ferðaþjónustu og hins vegar til vinnu að gerð þróunaráætlunar fyrir starfssvæði félagsins – Þróunaráætlun Norðausturlands. Stefnumótunarvinnunni lauk í upphafi árs 2009 og liggur nú fyrir vönduð greining á aðstæðum og tækifærum, ásamt sóknaráætlun til fimm ára um öfluga uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Mikilvægt er að aðilar í greininni í samstarfi við opinbera aðila nýti þau tækifæri sem enn liggja ónýtt, til frekari verðamætasköpunar og efnahagslegs ávinnings. Nokkur undirbúningsvinna var unnin varðandi þróunaráætlun ásamt því að önnur verkefni sem unnið var að nýttast sem grunnur í hana. Hins vegar tókst ekki að koma verkinu eins langt og vonir stóðu til en áfram er unnið að málinu á nýju ári.

Félagið hefur með höndum framkvæmdastjórn og annan rekstur á vegum Héraðsnefndar Þingeyinga samkvæmt samningi frá 2007. Fellur þetta samstarf nokkuð vel að starfsemi félagsins og er til þess fallið að efla nauðsynleg tengsl þess við héraðspólitískt bakland sitt.

Vegna breyttra aðstæðna, m.a. starfsmannamála lauk samstarfi félagsins og Garðarsstofu ehf. um þróunarverkefnið Garðarshólm í apríl.

GEBRIS verkefnið hefur verið keyrt á árinu í samræmi við verkáætlun og hefur starfið þegar skilað merkjanlegum árangri í því að örva frumkvöðlastarfsemi á svæðinu austan Jökulsár. Megin áherslur hafa verið á ferðatengda starfssemi og hyllir undir að stofnaður verði klasi ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu. Verkefnið er hluti samnorræns verkefnis sem lýkur um áramótin 2009/2010 og er fjármagnað í samstarfi Norræna nýsköpunarsjóðsins, sveitarfélaganna á verkefnissvæðinu og Vaxtarsamnings Norðausturlands.

Í lok árs 2007 tóku AP og Markþing upp svipað samstarf og hafði verið á árinu 2005 sem felst í því að félagið sér um kynningar- og markaðsmál og fleiri verkefni í umboði Markþings og hefur ráðið sérstakan starfsmann til að sinna þeim verkefnum.

Gerður var tímabundinn samstarfssamningur við Drekasvæðið ehf., félag í eigu Langesbyggðar, Vopnafjarðahrepps og fleiri, vegna þróunarverkefnis til undirbúnings olíuleitar og vinnslu á Drekasvæðinu. Stóð starfið í sex mánuði, frá apríl – september og réð félagið sérstakan verkefnisstjóra til verksins.

Í upphafi árs 2009 var formlega gegnið frá samkomulagi við Mývatnsstofu ehf. um rekstrarlega yfirtöku á jólasveinaverkefninu í Mývatnssveit sem segja má að sé megin afurð „Snow Magic“ verkefnisins sem félagið hefur lagt mikla vinnu og fjármagn í á undanförunum árum.



Á árinu 2005 var leitað eftir 3ja ára styrktarsamningum við atvinnulífið og voru bréf þá send til valinna fyrirtækja og síðan aftur á árunum 2006 og 2007. Viðbrögð voru jákvæð, einkum fyrsta árið. Árin 2006 og 2007 fækkaði fyrirtækjum nokkuð. Ekki tókst að endurnýja þessa samstarfssamninga á árinu en gert er ráð fyrir að vinna að því að koma slíkum samningum aftur í gagn við á árinu 2009.

## Vaxtarsamningur Norðausturlands

Í upphafi árs var undirritaður Vaxtarsamningur Norðausturlands (VAXNA) milli AP og Iðnaðarráðuneytisins. Samningurinn er til þriggja ára - 2008-2010 - og með gerð hans eru nú í gildi vaxtarsamningar fyrir öll svæði landsbyggðarinnar. Við undirbúning að gerð samningsins lögðu heimamenn á það áherslu að samningurinn

nýttist sem best til þess að styðja við það þróunarstarf sem fyrir er á svæðinu unnið að frumkvæði þeirra á vettvangi AP. Ríkisvaldið féllst á þau sjónarmið sem m.a. kemur fram í verk- og fjárhagsáætlunum samningsins

á fyrsta ári hans þar sem strax var gert ráð fyrir þátttöku hans í þróunarverkefnum sem voru í vinnslu og/eða bígerð á vegum og/eða með þátttöku AP, enda var um að ræða verkefni sem byggðu annað hvort á frumkvæði fyrirtækja og frumkvöðla eða höfðu þann megintilgang að stuðla að samstarfi aðila.


Hefur það starf gengið vel og sá viðbótarstuðningur sem umrædd verkefni hafa fengið fyrir tilstuðlan samningsins riðið baggamuninn um þann árangur sem verkefni eru að skila. Hafa verkefni einnig orðið kveikjan að nýjum verkefnum sem oftast en ekki eru keyrð undir hatti þegar skilgreindra þróunarverkefna og þannig hefur samningurinn þegar orðið sá hvati nýsköpunar og nýmyndunar sem honum er ætlað að vera.

Áætlanir um fjármögnun samningsins sem gerðu ráð fyrir talsverðum mótframlögum sveitarfélaga og fyrirtækja á móti framlagi ríkisins gengu ekki eftir nema að hluta. Við því var m.a. brugðist með því að AP og samstarfsaðilar félagsins lögðu fram nokkra vinnu við framkvæmd verkefna samningsins án endurgjalds. Þannig var unnt að mæta kröfum um framlög á móti fjárframlagi ríkisins í einstökum verkefnum. Þessi staða og það að flestar þær umsóknir sem bárust um þátttöku samningsins skorti nokkuð á að uppfylla kröfur um samstarf (klasamyndun) gerði það að verkum að þátttaka samningsins í þróunarverkefnum á árinu var bundin við þau verkefni sem lagt var upp með í áætlun ársins.

## Helstu verkefni ársins

Eins og undanfarin ár er verkefnaflóra félagsins mjög fjölbreytt enda spannar verksviðið allt frá fyrstu aðstoð við fólk með hugmyndir að atvinnusköpun til stærri stefnumótunar- og þróunarverkefna sem taka til alls starfssvæðis félagsins. Verulegur tími starfsmanna fór í umsóknir í hina ýmsu sjóði sem ráðstöfuðu fjármunum til atvinnu- og byggðapróunarverkefna á árinu, en auk hefðbundinna verkefna á því sviði var óvenjumikið um sértæk átaksverkefni. Nægir að nefna ýmsa mótvægisþakka ríkisvaldsins vegna skerðingar á aflaheimildum, starf Norðausturnefndar, en félagið aðstoðaði við gerð umsókna og annaðist einnig móttöku þeirra og ákveðna forvinnslu.

Hér verður gerð grein fyrir nokkrum verkefnum ársins en ljóst að margt vantar í þá upptalningu. Vegna breytinga á fyrirkomulagi verkbókhalds eru tímaskráningar ekki nægjanlega áreiðanlegar og því ekki birtar hér. Nýtt verkbókhaldskerfi sem er hluti fjárhagsbókhalds- og sölukerfis félagsins var tekið í notkun um áramótin 2008/2009 og eru tímaskráningar nú komnar í fastan farveg.



**Stefnumótun í ferðapjónustu** (e. Tourism Strategic Planning) er verkefni sem lítur að kortlagningu auðlinda og grunngerðar sem nýtast til verðmætasköpunar í ferðapjónustu. Um er að ræða náttúru, menningu og þá grunngerð sem til staðar er. Þessar auðlindir eru skilgreindar og kortlagðar og þannig mynduð forsenda til frekari vöruþróunar, markaðssetningar og sölu. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi ferðapjónustunnar á svæðinu og til þess ráðnir erlendir og innlendir sérfræðingar. Faglegur verkefnisstjóri er John S. Hull Ph. D., kennari við Auckland University of Technology á Nýja-Sjálandi og meðlimur í rannsóknarmiðstöð ferðamála þar í landi (New Zealand Tourism Research Institute) en hann hefur fengist við ráðgjöf víða um heim varðandi uppbyggingu ferðapjónustu.

Stöðumati og kortlagningu auðlinda á svæðinu er lokið og lögð hefur verið upp áætlun til fimm ára (2009-2014) um uppbyggingu grunngerðar, ímyndarsköpun og þróun og sölu svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna sem upplifa vilja einstæða náttúru og samspil hennar við menningu á svæðinu. Haldnir hafa verið kynningar- og vinnufundir með ferðapjónustuaðilum þar sem farið hefur verið yfir stöðumatið og þau tækifæri sem greind hafa verið.

Verkefninu er ekki lokið og felst framhaldið í samstarfi ferðapjónustufyrirtækja og stoðkerfisins um að þróa og selja hinar mismunandi afurðir svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna með sterka og skýra ímynd. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aðkomu VAXNA að þeim hluta verkefnisins. Þess skal að lokum getið að verkefnið og



þau efnistöð sem beitt er hafa vakið mikla athygli og hafa fleiri svæði á landinu og utan þess sýnt því áhuga að vinna sína stefnumótun á sama hátt.

**GEBRIS** (e. Getting the Best out of Regional Innovation Systems) verkefnið hefur það að markmiði að efla og styðja við nýsköpun í ferðaþjónustu á svæðinu frá Jökulsá að Bakkafirði. Að þessu markmiði er unnið í samstarfi við ferðaþjónustuaðila og sveitarfélög á svæðinu. GEBRIS hefur komið að ýmsum fjölbreyttum verkefnum má þar m.a. nefna uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu á Skálum á Langanesi, menningardagskrá um Jón Trausta, Kaffi Ljósfang á Raufarhöfn, Jarðskjálftasetrinu á Kópaskeri og stofnun ferðafélagsdeildarinnar Norðurslóðar. Nú er unnið að stofnun á klasa ferðaþjónustuaðila á þessu svæði, sem er framtíðar samstarfsvettvangur þeirra aðila.

**Snow Magic/Magic Seasons** er samheiti og framhald á þeim verkefnum sem vistuð hafa verið undir verkefnisheitinu Snow Magic og hófst á sínum tíma (2004/2005) sem NPP verkefni (Northern Periphery Program of the EU). Inntakið er efling afþreyingar á Mývatnssvæðinu með áherslu á vetrartímamann til aukningar á tekjumyndun í ferðaþjónustu. Sá árangur sem þegar hefur náðst varðandi Jólásveinana í Dimmuborgum lofar góðu og hefur fært mönnum heim sanninn um að með markvissu þróunarstarfi megi búa til nýjar afurðir til tekjuöflunar í greininni. Fjöldi ferðamanna sem sækja Jólásveinana í Dimmuborgum heim á jólaföstudni hefur tvöfaldast á milli ára undanfarin þrjú ár og komu um 1700 manns í heimsókn á aðventunni 2008.



**Þingeyyska matarbúið** hefur það að markmiði að markaðssetja þingeyysk matvæli, bæði sem framleiðsluvöru og einnig sem þátt í aðdráttaraffli svæðisins fyrir ferðamenn sem þannig eiga kost á því að kynnast matarmenningu svæðisins í gegnum veitingastaði héraðsins.

Verkefninu var ýtt úr vör 2007 og fólst vinnan í skilgreiningu þess, koma á samböndum á milli ólíkra aðila og undirbúa þátttöku í sýningunni Matur-inn á Akureyri.

Þátttaka í verkefninu er góð og eru nú þegar 18 fyrirtæki víðsvegar af starfssvæðinu þátttakendur í því. Um er að ræða blöndu framleiðslufyrirtækja og veitingahúsa. Stofnaður hefur verið formlegur klasi um verkefnið en auk fyrirtækjanna sem þátt taka koma Búgarður – ráðgjafarþjónusta í landbúnaði, Þekkingarsetur Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga að verkefninu, en verkefnisstjóri er vistaður hjá AP sem er frumkvæðisaðili verkefnisins og stuðningsaðili þess frá upphafi.

Verkefnið tók á árinu þátt í markaðsdögum á svæðinu og einnig utan þess, s.s. í „Kræsingar og kæti“ sem haldin var í Norræna húsinu í tengslum við Food and Fun. Þá hefur verið gott samstarf við verkefnið „beint frá býli“ sem hluti þátttakenda eru einnig aðilar að. Undirbúið hefur verið námskeið í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga þar sem fjallað verður um gæða- og ímyndarmál.


Nú í júnímánuði standa aðilar í ÞM, í samstarfi við Menningarmiðstöð Þingeyinga (Safnahúsið) og fleiri aðila, fyrir Sumarsólstöðuhátíð sem verður 5 daga hátíð með áherslu á mat, menningu og miðnætursól.

**Norðausturland.is** er kynningarverkefni sem felur í sér ímyndarsköpun fyrir svæðið sem heild og byggist á útgáfu bæklinga um svæðið og vinnslu á „opinberum vef“ ferðaþjónustunnar á svæðinu sem inniheldur bæði kynningu á því og ítarlega þjónustulista sem hægt er að leita í bæði eftir tegund þjónustu og svæðisbundið. Slóðin er [www.nordasturland.is](http://www.nordasturland.is) og [www.visitnortheasticeland.is](http://www.visitnortheasticeland.is)

Vinnsla íslensku og ensku vefsvæðanna er komin á lokastig og er gert ráð fyrir formlegri opnun íslenska og enska vefsins um mitt ár 2009. Verkefnið hefur þegar sannað gildi sitt í því að bæklingur sem gefinn var út hefur gengið mjög vel. Verkefnið styrkir þá ímyndarvinnu sem stefnumótunarverkefnið felur í sér og er þannig mikilvægur þáttur í því að auka efnahagslegan ávinning svæðisins af ferðaþjónustunni.

Frekari þróun og gerð þjónustuvefjarins á fleiri tungumál eru síðan næstu skref, en áætlanir gera ráð fyrir því að framtíðarþróun og rekstur geti staðið undir sér með gjöldum þjónustuaðila, þ.m.t. sveitarfélaga.

**Þingeyiskur gagnagrunnur** er verkefni sem unnið hefur verið að í samvinnu við Menningarmiðstöð Þingeyinga og snýr að því að safna ýmsum þeim upplýsingum sem unnið er með í aðgengilega gagnagrunna sem síðan er hægt að birta með myndrænum hætti á kortagrunni. Einnig hefur verið rætt við þekkingarsetur Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturlands um aðkomu að verkefninu en allir þessir aðilar eru að safna ýmsum upplýsingum sem gagnlegt er að geta unnið með og birt á kortagrunni.



**Skilgreining vinnusóknarsvæða** er samstarfsverkefni þróunarfélaganna í landinu og Bygðastofnunar þar sem kortlögð er dagleg vinnusókn fólks. AÞ vann verkið í samstarfi við Menningarmiðstöð Þingeyinga og þannig voru upplýsingarnar settar inn í gagnagrunn og birtar á kortaformi.

**Atvinnumálakönnun** hefur verið unnin með hefðbundnum hætti þar sem safnað er saman upplýsingum eftir atvinnugreinum um fjölda starfsmanna og stöðugilda hjá fyrirtækjum á starfssvæðinu. Vegna anna við önnur verkefni hefur ekki verið unnið úr gögnum, en stefnt er að því að ljúka úrvinnslu nú í sumar.

**Staða atvinnamála í Norðurþingi.** Í framhaldi af hruni fjármálakerfisins sl. haust óskaði sveitarstjóri Norðurþings eftir því við félagið að „púlsinn væri tekinn“ hjá stjórnendum fyrirtækja í sveitarfélaginu varðandi rekstrarhorfur og starfsmannhald. Megin niðurstöður voru þær að atvinnulífið stæði almennt nokkuð tryggum fótum, þó með þeirri undantekningu að samdráttur í byggingargeiranum kom mjög fljótt fram.

**Starfsemi Markþings** er sinnt hjá félaginu af sérstökum starfsmanni skv. samstarfssamningi þar um. Það rekur bæði upplýsingamiðstöð og tjaldsvæði á Húsavík og var sérstakt starfsfólk ráðið til þeirra verka.

Þá var unnið að kynningu og markaðssetningu á svæðinu, en tekin var sú ákvörðun að kynna allt svæðið sem eina heild, þ.e. starfssvæði Atvinnuþróunarfélagsins. Útbúið var kynningarefni til birtingar bæði í prentmiðlum og á veraldarvefnum. Kynningarefnið er í sama stíl og vefsíðan nordausturland.is og bæklingur um svæðið. Einnig voru keyptar auglýsingar í útvarp. Notast var við stefnumótunaráætlun í ferðamálum til þess að vinna þematengt kynningarefni sem hefur verið nýtt fyrir ferðakaupendur, einstaklinga og fjölmiðlafólk.

Farið var á ferðakaupstefnuna Vestnorden í Reykjavík auk þess sem fulltrúi var einnig sendur á minni ferðakynningar. Þá var boðið upp á ferð um svæðið fyrir ferðakaupendur í tengslum við Vestnorden. Markþing var einnig innan handar nokkrum fjölmiðlamönnum sem þurftu leiðsögn um svæðið eða aðra aðstoð.

Markþing var í samstarfi við þekkingarsetur Þingeyinga, Háskólasetrið á Húsavík og Náttúrustofu Norðausturlands í verkefnum sem tengdust fræðslu fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu.



**Samstarf safna og sýninga** um sameiginleg hagsmunamál s.s. varðandi gæði í starfi, miðlun og arkaðssetningu. Fundað hefur verið tvisvar með aðstandendum safna og sýninga í Þingeyjarsýslu. Mikill áhugi er á formlegu samstarfi. Stofnaður var undirbúningshópur og stefnt er að formlegri stofnun klasans nú í júní.

## Hvatningarverðlaun AP

Í tengslum við aðalfund félagsins þann 5. júní 2009 verða Hvatningarverðlaun AP afhent í áttunda skipti. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og árangurs í rekstri með því að verðlauna það sem vel er gert á þessu sviði.

Handhafar verðlaunanna í þau sjö skipti sem þau hafa verið veitt eru:

- 2008 - Skóbúð Húsavíkur og Hvalasafnið á Húsavík
- 2007 - Garðræktarfélag Reykhverfinga
- 2006 - Meðferðarheimilið í Árbót
- 2005 - Silkiprent og fánar ehf.
- 2004 - Baðfélag Mývatnssveitar og Sel Hótel Mývatn
- 2003 - Fjallalamb hf.
- 2002 - Safnahúsið á Húsavík



## Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Umsvif félagsins jukust verulega frá fyrra ári, fyrst og fremst vegna tilkomu vaxtarsamnings sem rekinn var á vegum félagsins. Þannig námu rekstrartekjur rúmum 85 mkr. á móti rúmum 50 mkr. árið áður. Rekstur ársins var hins vegar í járnum og var jákvæður um 1,3 mkr. á móti 6,2 mkr. tapi árið áður. Þannig er félagið enn að berjast við neikvæða eiginfjárstöðu frá fyrra ári sem ekki hefur tekist að laga svo neinu nemi. Aðstaða félagsins til þess á grundvelli rekstrar er einnig mjög erfið í ljósi þeirra veiku fjármögnunar sem grunnstarfsemin byggir á. Fjármögnun verkefna byggir á framvindu þeirra og því ekki unnt að afla til þeirra tekna nema þeim sé ráðstafað til viðkomandi verkefna. Eina leiðin til að rétta þessa stöðu af er því að eigendur félagsins leggi því til nýtt hlutafé þannig að jafnvægi verði náð á efnahagsreikning félagsins.

Í upphafi þessa árs náðust loks samningar við ríkisvaldið um yfirtöku og ráðstöfun á eignum fyrrum Kísilgúrsjóðs en málið hafði verið í meðförum stjórnvalda og félagsins allar götur frá 2007 er sjóðurinn hætti starfsemi. Um er að ræða peningalegar eignir og hlutafé í félögum að upphæð ríflega 23 mkr. sem varið skal til nýsköpunar- og þróunarverkefna á svæðinu.

Í því efnahagsástandi sem nú ríkir verður að telja nokkra óvissa um opinber framlög til þróunarstarfs á landsbyggðinni. Þess utan hefur gætt ákveðinnar tilhneigingar ríkisvaldsins til eflingar eigin stofnana á kostnað svæðisbundinna þróunarfélaga á borð við AP. Þetta kom berlega í ljós á árinu þegar stjórnvöld beittu sér fyrir því að í stað þess að efla svæðisbundið þróunarstarf landshlutans, eins og gengið var útfrá í tillögum Norðausturnefndar, þá var þeim fjármunum að mestu varið til að koma á fót starfsstöðvum NMÍ á svæðinu. Til AP hefur ekki runnið ein króna af þeim fjármunum.



## Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr	2008	2007
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>11</b>		
Styrkir frá Byggðastofnun .....		14.437.228	11.026.664
Samstarfssamningar við sveitarfélög .....		7.870.590	11.193.000
Markaðsráð Píngeyinga .....		4.046.450	0
Framlög til vaxtasamnings .....		34.000.000	0
Verkefnastyrkir og aðrir styrkir .....	6	8.571.666	19.318.411
Framlag fyrirtækja .....		11.310.520	4.843.825
Tekjur af erlendum verkefnum .....		1.787.023	0
Aðrar tekjur .....		3.082.424	4.065.226
		<u>85.105.901</u>	<u>50.447.126</u>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>11</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	5	44.438.985	24.790.367
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður .....		9.926.678	7.449.204
Verkefni .....		29.517.905	17.963.768
Birgðabreytingar verkefnastöðu .....		(1.236.092)	4.750.000
Afskriftir .....	3	341.615	326.787
		<u>82.989.091</u>	<u>55.280.126</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		2.116.810	(4.833.000)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		100.450	126.882
Vaxtagjöld .....		(923.625)	(1.474.106)
		<u>(823.175)</u>	<u>(1.347.224)</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>1.293.635</u>	<u>(6.180.224)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	2008	2007
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	3		
Tölvubúnaður .....		797.102	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>797.102</b>	<b>0</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	2	1.549.000	312.908
Viðskiptakröfur .....	7	3.325.712	2.116.514
Aðrar skammtímaskröfur .....		9.509	11.768
Fyrirfram greidd laun .....		106.668	311.856
Handbært fé .....		0	533.000
		<u>4.990.889</u>	<u>3.286.046</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>5.787.991</u></b>	<b><u>3.286.046</u></b>

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2008	2007
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	4	5.753.910	5.753.910
Ójafnað tap .....		(13.030.362)	(13.851.508)
		<u>(7.276.452)</u>	<u>(8.097.598)</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		3.357.668	3.812.742
Viðskiptaskuldir .....	8	2.806.488	3.656.663
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	6.900.287	3.914.239
		<u>13.064.443</u>	<u>11.383.644</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>13.064.443</b>	<b>11.383.644</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>5.787.991</u></b>	<b><u>3.286.046</u></b>

Aðrar upplýsingar 10